


## Móttökuáætlun vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Mikilvægt er að huga sérstaklega að móttöku barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Í Leikskólanum Laugalandi er unnið eftir eftirfarandi verkferlum þegar barn sem ekki talar íslensku byrjar í leikskólanum.



### Verkferill vegna móttöku barna með annað móðurmál en íslensku

Líkt og myndin sýnir er lögð áhersla á samskipti við foreldra og notkun mynda og tákna í samskiptum. Er það gert til að tryggja með sem bestum hætti að barninu séu færð verkfæri til tjáningar. Lagt er upp með að einstaklingsþjálfun hefjist um leið og barn hefur aðlagast leikskólaumhverfinu. Það er í höndum sérkennslustjóra og deildarstjóra að setja einstaklingsbundin námsmarkmið sem eru endurmetin á tveggja mánaða fresti. Mikilvægt er að hefja markvissa

innlögn orðaforða og veita foreldrum upplýsingar um þá þætti sem verið er að vinna með hverju sinni.

### **Móttökuvíðtal**

Við upphaf aðlögunar á leikskólastjóri fund með foreldrum barnsins, ásamt túlki ef þörf krefur. Á þeim fundi fá foreldrar almenna kynningu á leikskólanum og leikskólastarfinu.

Eftirfarandi eru þau atriði sem farið er yfir í viðtalinu:

- Skóladagatal og sérmerkta daga
- Vistunartímar og verðskrá leikskólans
- Símanúmer leikskólans, heimasíða, netföng leikskólastjóra og deildarstjóra
- Stundaskrá og daglegt starf leikskólans, hópastarf, matartímar, hvíld og útivist
- Starfsfólk deildarinnar, hlutverk starfsmanna og verkaskiptingu – við hvern skuli tala ef eitthvað bjátar á
- Vinnureglur vegna veikinda og tilkynningar varðandi forföll
- Sérkennsla og stuðningur vegna málþroska fjöltyngdra barna
- Aðlögunarferli – aðlögun er einstaklingsbundin

Í sama viðtali aflar leikskólastjóri upplýsinga frá foreldrum varðandi barnið og hagi þess. Eftirfarandi eru þeir þættir sem farið er yfir í viðtalinu:

- Innritunarpappírar
- Fjölskylduhagi, helstu siði og venjur - hvaða tungumál er talað heimavið
- Fyrri skólaganga, námsleg staða
- Heilsufar barnsins, hefur það orðið fyrir áföllum? Hafa verið gerðar þroskaathuganir?
- Almennar upplýsingar um barnið, áhugamál, styrkleika, skapgerð

## **Aðlögun**

Aðlögun barns í leikskóla er alltaf einstaklingsbundin. Tekið er mið af aldri og þroska barns og þeim aðstæðum sem það er vant þegar áætlun er gerð um aðlögun. Aðlögun er skipulögð af deildarstjóra í samráði við foreldra. Höfuðáhersla er lögð á að barnið nái að mynda góð tengsl við að minnsta kosti einn starfsmann á aðlögunartímabilinu.

## **Málörvun í leikskólanum**

Málörvun hefst um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Áhersla er lögð á notkun Tákna með tali (TMT) og markvissa innlögn á orðaforða sem tilheyrir daglegu starfi í leikskólanum. Þegar barnið hefur verið í íslensku málumhverfi í 6 mánuði er staða þess metinn út frá Hæfnirömmum Menntamálastofnunar fyrir fjöltyngd börn í leikskólum. Í framhaldinu eru sett einstaklingsmarkmið sem byggja á skráningu í samræmi við hæfniramma og önnur skráningartæki sem notuð eru í leikskólanum. Í handbók leikskólans um snemmtæka íhlutun í málþroska er fjallað nánar um skráningartæki og kennsluaðferðir.